


Afstöðumynd
mkv. 1:500




Grunnmynd 1.hæð
mkv. 1:100

## LÝSING ERINDIS

Tilefni erindis er stækkun á vínveitingastað á jarðhæð. Opnað verður inn í nærliggjandi rými ( þessi rými voru áður sameiginleg, og hurðarop á milli þeirra) og við það stækkar staðurinn um 62.4m2. Stærsti hluti þess rýmis verður nýttur sem knattborðsstofa, en að auki bætast við kútalager og 2 snyrtingar.

Starfsemi verður óbreytt frá því sem nú er, staðurinn er krá ( tegund F) , veitingastaður í flokki 3.

Snyrtingum fjölgar um tvær verða 7 eftir breytingu; 3 kvennasnyrtingar og 3 á karlasnyrtingu auk sér snyrtingar með aðgengi fyrir hjólastóla.

STARFSEMI: Í dag er leyfi fyrir 150 gestum á staðnum en verður 155 eftir stækkun. Starfsmenn verða minnst 2, en mest 5 að meðtöldum dyravörðum. Tegund starfsemi verður F, krá, veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma. Staðurinn verður í flokki 3.

RÝMI. Heildarstærð veitingastaðarins er 256m2, en það rými skiptist veitingasali, afgreiðslu / bar, snyrtingar, lager og starfsmannarými. Veitingarými sem skiptist í veitingasal, bar, spilasal og knattborðsstofu er 206.7m2. Kaffistofa starfsmanna, starfsmannasnyrting og starfsmannaskápar eru inn af bar. Ræstiherbergi fyrir staðinn er fyrir utan lager, innangengt úr rými sem hýsir vörumóttöku og sorpgáma. Vínlager staðarins er allur á bar í veitingasal, en í rými sem bætist við verður lager fyrir bjórkúta. Á barnum og inn af honum eru uppþvottaaðstaða, uppþvottavél og borðbúnaðarvaskur.

HLJÓÐVIST. Hljóðkerfi staðarins er ekki í beinni snertingu við burðarvirki ( vegg, gólf og loft) og þannig er hljóðleiðni eftir burðarvirki lágmörkuð. Bassahátalarar eru settir á fjaðrandi undirlög og aðrir hátalarar festir með fjaðrandi festingum.

SORP. Lítið sorp fellur til á barnum, þar sem langmest er selt af bjór á krana, en gler, dósir og pappír eru fjarlægð daglega af ræstiþjónustu. Barinn nýtir sem fyrr sameiginlega sorpgeymslu fyrir húsið, sem er staðsett aftan við húsið .

## BRUNAVARNIR

### Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.

### Brunahólfun
Staðurinn myndar eitt brunahólf.

### Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R60.

### Klæðningar
Klæðningar í lofti eru í flokki 1 ( steypt yfirborð) . Klæðningar á veggjum verða í flokki 1. Gólfefni verða í flokki G. Vegna sambrunahættu verður sett E-30 gler í glugga sem er næst stigahúsi.

### Flóttaleiðir
Frá öllum stöðum er innan við 15 m í útgang.
Frá staðnum eru þrjár óháðar flóttaleiðir beint út og ein sem liggur um sameiginlegt stigahús.
Að auki er flóttaleið úr starfsmannarými um kútalager. Allar flóttahurðir (4x900mm) opnast út.

### Gestafjöldi
Veitingasalur er samtals 171.7 m2 að stærð.
Hámarksfjöldi fólks á staðnum er 155 manns skv. eftirfarandi uppdeilingu:
Bekkir: 38 manns skv. NFPA 101.
Lausir stólar: 60 manns
Bar: 18 manns
Við bar og á gólfi: 39 manns á 95m2 gólffleti.

### Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð.

### Slökkvitæki
Slökkvitæki verða sett upp á staðnum skv. reglum Mannvirkjastofnunar og vera við bar og hengd á vegg. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

### Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er á staðnum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Útljós eru við útganga.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í veitingasal og salerni fyrir fatlaða.

Samþykkt þann
20. NÓV. 2019
Byggingarfulltrúi í Hafnarfirði

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
7/11 2019

19.11.2019

### TÁKN:

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu | EI-60 |
| Útljós | ÚT |
| Flóttaleið | |
| Stjórnstöð brunakerfis | |
| 30m brunaslanga | 30 m |
| slökkvitæki | |
| Lofræst rými | LR |
| Gólfniðurfall | GN |
| Handlaug | HL |
| Borðbúnaðarvaskur | BV |

| útg. | dags. | skýring | teiknað | yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

ÖLSTOFA HAFNARFJARÐAR - BREYTINGAR INNANHÚSS

| | |
|---|---|
| heimilisfang | FLATAHRAUN 5A - F2243395 |
| sveitarfélag | HAFNARFJÖRÐUR |
| verkhluti | AÐALUPPDRÁTTUR |
| skýringartexti | grunnmynd, afstaða, byggingarlýsing |

| verknúmer | landnúmer | staðgreinir |
|---|---|---|
| 19/03 | 172769 | 1400-1-23700051 |

| teiknað | yfirfarið | kvarði | dags. |
|---|---|---|---|
| KE | KE | 1:100 / 500 | 05-02-2019 |

teikning nr. A-201
útgáfa/breyting

AOK ARKITEKTAR

aðalhönnuður: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.